



Vegagerðin
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík

Hornafirði, 22. október 2021
nr. erindis 202109067 BB

Framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku við Slurfudalsá

Staðsetning framkvæmdar:

Náman er eyrum Slurfudalsár í Lóni 1,5 km. austan við Almannaskarðsgöng.

Umfang framkvæmdar:

Efni skal tekið í 1,0-1,5 m. lagþykkt um 2.750 – 3.000 m² svæði háð efnisþörf.

Samantekt yfir lýsingu og frágangi framkvæmdar:

Gert er ráð fyrir að haugsetja efnið suðaustan við efnistökusvæðið. Ekki verður mokað upp úr rennandi vatni á Slurfudalsá. Efnið verður þvegið við vinnsluna. Skolvatn vegna þvottar verður hreinsað með því að veita því í 3-4 settjarnir þar sem fínefni setjast áður en vatninu er veitt úr farvegi Slurfudalsá.

Í verklok verða haugar og bakkar á áreyrum vegna efnistökkunnar jafnaðir út þannig að efnistökusvæðið falli sem best að landinu. Áætlun verklok eru fyrir haust 2021 eða snemma sumars 2022.

Eftirlitsaðili framkvæmdar:

Umhverfis- og skipulagsstjóri Hornafjarðar fer með eftirlit en er heimilt að ráða til þess sérstakan eftirlitsaðila.

Skilyrði framkvæmdar:

- Að framkvæmd sé í samráði við landeigendur og viðhöfð sé góð umgengni um framkvæmdasvæðið.
- Leitast verði við að takmarka framkvæmdasvæði, umferð véla og rask eins og kostur er.
- Umhverfis- og skipulagsstjóri verði upplýstur þegar framkvæmdir hefjast.
- Umhverfis- og skipulagsstjóri verði boðaður á framkvæmdasvæði við lok framkvæmda.
- Að samráð sé haft við leyfisveitanda ef nokkrar breytingar verði á framkvæmdinni.
- Við sáningu í sár við frágang verði notuð fræ í samræmi við staðargróður



Framkvæmd þessi skal vera í samræmi við:

- Framkvæmdaleyfi vegna efnistöku við Slurfudalsá.
- Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.
- Skipulagslög nr. 123/2010.
- Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030.
- Framlögð gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar:
 - Ósk um framkvæmdaleyfi ódags.
 - Gögn með umsókn um framkvæmdaleyfi,
 - Umsögn Fiskistofu dags. 16.09. 2021.
 - Teikningar af efnistöku,- efnisvinnslu-og haugsvæði.

Vakinn er athygli á að framkvæmdaleyfi á að vera til staðar á framkvæmdastað og eftirlitsaðili getur kallað eftir leyfi við eftirlit.

Framkvæmdaleyfi er gefið út með fyrirvara um að upplýsingar berist um þá hluti sem sem tilgreindir eru hér að ofan.

Framkvæmdaleyfið er gefið út skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn þann 14. október 2021. Framkvæmdin hefur fengið málsmeðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga þar sem hún var kynnt fyrir Fiskistofu sem gerir ekki athugasemdir við hana.

Dagsetning samþykktar leyfisveitenda á framkvæmdaleyfi var 14. október 2021 og rennur framkvæmdaleyfið út þann 14. október 2022 sé framkvæmd ekki hafin.

Einnig er vakin athygli á að framkvæmdaleyfi er kæránlegt til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur til 1. desember nk. Ef framkvæmd hefst áður en frestur er útrunninn gerir framkvæmdaðili það á eigin ábyrgð.

Gjald fyrir framkvæmdaleyfi er 90.000 kr.

Virðingafyllst




Brynja Dögg Ingólfsdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar